

## Svar

**mennta- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá  
Arndísí Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur og Birni Leví Gunnarssyni  
um skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum frá alþingismönnum.**

- Hvert er ferlið í ráðuneytinu þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars? Hvernig er það skráð í skjalavistunarkerfi ráðuneytisins?*

Þegar tilkynning berst frá Alþingi um fyrirspurn frá alþingismanni er hún skráð í skjalastjórnunarkerfi ráðuneytisins af starfsmanni skjalasafns. Fyrirspurnin fær málsnúmer og er heiti málsins byggð á tegund fyrirspurnarinnar, málsnúmer hennar hjá Alþingi og heiti. Jafnframt eru tímamörk málsins, sbr. 6. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, færð inn í skjalastjórnunarkerfið.

Í mennta- og barnamálaráðuneyti er verkferlinu þannig háttáð að ákveðnum starfsmanni er falin umsjón og yfirsýn yfir fyrirspurnir til ráðherra frá alþingismönnum. Eftir skráningu greinir þessi starfsmaður fyrirspurnina út frá málefnaviði og útdeilir henni á viðkomandi málefnameymi ráðuneytisins eða skrifstofu. Sérfræðingur ráðuneytisins sem fær fyrirspurnina til vinnslu greinir efni hennar og aflar eftir atvikum upplýsinga frá undirstofnunum og öðrum stjórnvöldum. Þegar drög að svari liggja fyrir sendir viðkomandi sérfræðingur svarið í rýni til teymisstjóra, skrifstofustjóra og/eða starfsmannsins sem hefur yfirsýn yfir fyrirspurnirnar. Að því loknu fara lokadrög svars til yfirlestrar aðstoðarmanna ráðherra og ráðherra. Þegar kemur að vinnslu, rýni og yfirferð er hvert skref endurtekið eftir því sem þurfa þykir. Þegar samþykki ráðherra liggur fyrir sér starfsmaðurinn, sem hefur umsjón með fyrirspurnum, um lokafrágang svarsins. Ritari sendir síðan svarið til Alþingis og lokar málinu í skjalastjórnunarkerfi ráðuneytisins.

Ef fyrir liggur að ekki takist að svara fyrirspurninni innan frests skv. 6. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis sendir ritari tilkynningu þar um samkvæmt beiðni þess sem ber ábyrgð á vinnslu svartsins hverju sinni.

Rétt er að geta þess að á yfirstandandi löggjafarþingi hefur ráðuneytið unnið skrifleg svör við fyrirspurnum í samræmi við framangreindan verkferil. Verkferillinn er í stöðugri þróun og hefur tekið breytingum á þeim tíma sem fyrirspurn þessi nær til.

- Hversu langur tími leið að jafnaði undansarin þrjú ár frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar? Svar óskast sundurlíðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Í fylgiskjali eru upplýsingar um hversu langur tími leið að jafnaði frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar. Rétt er að taka fram að upplýsingar sem um ræðir miðast við þær breytingar sem gerðar voru á ráðuneytinu árið 2022. Í ljósi þess eru upplýsingar takmarkaðar við yfirstandandi löggjafarþing (154. lgþ.), 153. og 152. löggjafarþing.

Á yfirstandandi löggjafarþingi hafa liðið að jafnaði 25,6 virkir dagar vegna þeirra fyrirspurna þar sem svar liggur fyrir, á 153. löggjafarþingi liðu að jafnaði 52,6 virkir dagar og á

152. löggjafarþingi liðu 45,2 virkir dagar. Miðað er við virka daga, sbr. 6. mgr. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis. Í fylgiskjali eru birtar sundurliðaðar upplýsingar um svör við fyrirspurnum eftir fyrirspyrjendum.

Ýmsir þættir geta haft áhrif á tímalengd við vinnslu og frágang skriflegra svara, svo sem eðli og umfang fyrirspurnar, hvort afla þurfi upplýsinga og gagna frá stofnunum eða öðrum stjórnvöldum og úrvinnsla þeirra, og orlof, frídagar og verkefnastaða starfsmanna. Þá var í einhverjum tilvikum munnlegum fyrirspurnum breytt í skriflegar fyrirspurnir eins og nánar er lýst í fylgiskjali. Í ljósi orðalags fyrirspurnarinnar var ákveðið að í þeim tilvikum að miða tímalengd við útbýtingardag munnlegrar fyrirspurnarinnar en ekki við þann dag sem fyrirspurn var prentuð upp og breytt í skriflega.

*3. Hvaða aðilar í ráðuneytinu sjá um vinnslu skriflegra svara, frágang þeirra, yfirlestur og sendingu til forseta Alþingis? Hversu langan tíma tók hvert þessara skrefa að jafnaði undansfarið þjú ár? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.*

Í 1. tölul. fyrirspurnarinnar er rakið hverjir koma alla jafnaði vinnslu skriflegra svara, frágangi þeirra, yfirlestri og sendingu til forseta Alþingis. Að öðru leyti liggja ekki fyrir samræmdir skráningarupplýsingar um hversu langan tíma hvert skref í ferlinu tók en í því sambandi má benda á að verkferill ráðuneytisins við vinnslu skriflegra fyrirspurna hefur tekið breytingum frá árinu 2022. Þá geta ýmsir þættir haft áhrif á tímalengd við vinnslu og frágang skriflegra svara líkt og rakið er við 2. tölul. fyrirspurnarinnar. Ef ráðuneytið á gróflega að áætla tímalengd þessara skrefa tekur skemmtanum tíma annars vegar að útdeila fyrirspurn til sérfræðings ráðuneytis og hins vegar að senda svarið til forseta Alþingis eftir að samþykki ráðherra liggur fyrir, þ.e. verkefnið er afgreitt samdægurs eða á allt að tveimur virkum dögum. Að jafnaði tekur lengstan tíma að vinna svör við fyrirspurn ef vinnslan krefst þess að upplýsingabeinir séu sendar til undirstofnana og annarra stjórnvalda.

## Fylgiskjal.

### 154. lögþ.

Málsnr.	Fyrirsp.	Heiti	Fjöldi virkra daga
812	AIJ	Gjaldfrjálsar tíðavörur	20
966	ArnG	Skrifleg svör ráðherra við fyrirspurnum frá alþingismönnum	22
951	ArnG	Vistun fylgdarlausra barna á flóttu sem eru ekki í fóstri á vegum barnaverndaryfirvalda	Í vinnslu
756	ÁBG	Námsgögn	Í vinnslu
752	BGuðm	Kostnaður við auglýsingagerð, kynningarmál, viðburði og ráðstefnur	38
803	BGuðm	Styrkir til félagasamtaka	Í vinnslu
857	BGuðm	Nefndir á vegum ráðuneytisins og kostnaður vegna þeirra Fræðsla félags- og hagsmunasamtaka í leik- og grunnskólum	Í vinnslu
246	Birgþ	Kennsluefni í kynfræðslu í grunnskólum	17
387	Birgþ	Ferðakostnaður	20
273	BLG	Alþjóðlegar skuldbindingar og frumvarpsgerð	24
442	BLG	Birting myndefnis af börnum á net- og samfélagsmiðlum	15
700	BLG		4

Málsnr.	Fyrirsp.	Heiti	Fjöldi virkra daga
338	BHar	Mönnunarvandi í leikskólum	19
573	BHar	Farsímanotkun barna á grunnskólaaldri	44
824	BDG	Fræðsla um haturorðræðu og kynþáttahatur	25
447	EDS	Aðkoma ungs fólks að ákvarðanatöku	64
		Úrræði fyrir börn með alvarlegan hegðunnarvanda eða geðvanda	
230	ESH	Dreifing nektarmynda af ólögráða einstaklingum	27
553	ESH	Skólanámskrár, skólastarf og lestrarkennsla	38
837	EÁ	Brottfall úr framhaldsskólum	Í vinnslu
192	GRÓ	Íþróttalög	14
670	GRÓ	Menntaskólaáfangar fyrir grunnskólabörn	13
328	IIS	Ávinningur sjálfvirknivæðingar og gervigreindar	14
1062	IIS	Stytting náms í framhaldsskólum og fjárframlög	Í vinnslu
663	JSIJ	Vistun barna í lokuðu búsetuúrræði	47
785	KSJS	Kostnaður vegna umsóknna um alþjóðlega vernd	Í vinnslu
869	NTF	Kostnaðarþáttaka sveitarfélaga vegna framkvæmda við framhaldsskóla	Í vinnslu
778	TBE	<b>Meðaltal 154. lögþ.</b>	<b>21</b>
			<b>25,6</b>

### 153. lögþ.

Málsnr.	Fyrirsp.	Heiti	Fjöldi virkra daga
294	AIJ	Gjaldfrjálsar tíðarvörur	39
753	ÁsF	Ráðning starfsfólks með skerta starfsorku	66
184	BGuðm	Kennsla í fjármálalæsi	14
286	BGuðm	Kostnaður sveitarfélaga við hvert barn á leikskóla	33
195	BGuðm	Kostnaður vegna útgáfu námsgagna	45
201	BGuðm	Þróunarsjóður námsgagna	45
1200	BergÓ	Styrkir og samstarfssamningar	63
402	BjG	Jafnréttis- og kynfræðsla	33
447	BLG	Áskrift að dagblöðum, tímaritum og öðrum miðlum	35
236	BLG	Ferðakostnaður og dagpeningur ráðherra	42
995	BLG	Íþróttastarfsemi	32
1093	BHar	Endurmat útgjalda	73
349	BHar	Kennsla um kynheilbrigði og virkar ofbeldisforvarnir	47
1012	BHar	Ráð, nefndir, stjórnir, starfshópar og stýrihópar	29
		Samvinna barnaverndar og sýslumanna í umgengnis-málum	
481	DA	Samstarf eða sameining framhaldsskóla*	31
1054	DME	Skipulag og stofnanir ráðuneytisins	84
565	DME	Staða fyrsta skólastigs skólakerfisins	77
193	DME	Veikindafjarvistir barna*	13
769	DME	Aðgerðir í þágu barna	113
377	ELA	Framkvæmd laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna	34
376	ELA	Börn í afreksíþróttum	48
960	ESH	Einstaklingar með tengslaröskun	42
501	ESH		23

Málsnr.	Fyrirsp.	Heiti	Fjöldi virkra daga
216	ESH	Fósturbörn	56
504	ESH	Fylgdarlaus börn	37
598	ESH	Innritun í verk- og iðnnám	47
961	ESH	Meiðsli og eftirlit með íþróttastarfi barna	42
463	EÁs	Skólavist barna á flóttu	45
916	EÁ	Byrjendalæsi og leshraðamælingar	44
666	EÁ	Samningar um skólabjónustu	148
229	GRÓ	Kennsla um kynheilbrigði og virkar ofbeldisforvarnir í grunn- og framhaldsskólam	65
248	GRÓ	ME-sjúkdómurinn hjá börnum	47
585	HHH	Fylgdarlaus börn	24
825	HHH	Þjónusta sveitarfélaga í skólum fyrir einhverf börn og önnur fötluð börn	58
220	HKF	Stefna um afreksfólk í íþróttum	42
520	HVH	Fjölgun starfsfólks og embættismanna	130
817	HVH	Málefnavasið ráðherra	16
613	HVH	Viðbrögð við vanvirðandi framkomu af hálfu ráðherra eða ráðuneytisstjóra og sálfræðiþjónusta fyrir starfs-menn ráðuneyta	27
935	HildS	Sjödir á vegum ráðuneytisins og stofnana þess	44
644	IIS	Kynsegin fólk í íþróttum	84
649	IIS	Markmið hæfniviðmiða í skólaíþróttum	81
1084	IIS	Netöryggi	15
355	IBMB	Táknmál í grunnskólam	33
744	IAS	Verkefnið Kveikjum neistann	70
190	JPJ	Skipun ráðuneytisstjóra án auglýsingar	13
1162	LRS	Alþjóðlegir skóla og fjöldi barna í þeim	10
702	LRS	Ungmennarað	26
600	OH	Andleg líðan barna*	133
680	OH	Sérfræðingateymi vegna barna með fjölbættan vanda o.fl.	39
781	ÓBK	Niðurstaða PISA-kannana	67
348	SPÁ	Breytingar á aðsókn fólks yfir 25 ára aldri í framhaldsskólanám	40
302	SPÁ	Eftirlit með fjármálum einkarekinna leikskóla*	222
891	VE	Staða grunnnáms í listdansi og rekstrarumhverfi listdansskóla	47
1101	VilÁ	Framhaldsskólar	14
1060	VilÁ	Staða barna þegar foreldri fellur frá	20
205	ÞorbG	Börn í fóstri	58
684	ÞSv	Fátækt barna*	96
<b>Meðaltal</b>			<b>52,6</b>

\*Fyrirspurn breytt úr munlegri í skriflega.

**152. lögþ.**

Málsnr.	Fyrirsp.	Heiti	Fjöldi virkra daga
383	AIJ	Aðgerðir á ábyrgð ráðuneytisins gegn ofbeldi og afleiðingum þess	77
268	ÁLP	Aðlögun barna að skólastarfi	82
346	ÁLP	Samskipti við hagsmunaverði og skráningu þeirra	35
326	BGuðm	Aukinn fjöldi tilkynntra brota gegn börnum á tímum COVID-19	18
695	ESH	Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna	16
324	GHaf	Laun og styrkir til afreksíþróttafólks	30
688	HSK	Kostnaður og framlög vegna dreifináms	78
454	HVH	Viðurkenning á heilbrigðismenntun sem aflað hefur verið í öðru landi	18
604	HJG	Námsefnisgerð fyrir framhaldsskóla	35
553	HJG	Skipan í stjórnir, starfshópa, nefndir, ráð o.p.h.	38
558	HJG	Styrking leikskólastigssins	29
541	HJG	Vetraríþróttamiðstöð Íslands	49
757	JPJ	Aðfarargerðir	58
750	SDG	Lestur grunnskólabarna	59
496	ÞorbG	Dómsmál íslenska ríkisins á hendur umsækjanda um stöðu ráðuneytisstjóra	56
<b>Meðaltal</b>			<b>42,5</b>